

22. júní 2015

Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Bygginga- og skipulagsfulltrúi

Sveitarfélagið Hornafjörður

Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 22. júní 2015  
UST201505-198/K.S.J.  
10.04.02

### Efni: Lýsing. Tillaga að aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030

Vísað er til erindis bygginga- og skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 27. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Ofangreind breyting felur í sér að gert verður ráð fyrir þjónustusvæði við Ósland alls 4 ha (breyting A). Á hinu áætlaða þjónustusvæði er gert ráð fyrir hótel, gistiheimili og veitingahúsum. Einnig er gert ráð fyrir breytingu á hafnarsvæði og nýrri útrás fyrir fráveitu (breyting B).

#### Svæði fyrir verslun og þjónustu

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að svæðið vegna breytingar A nái frá skipulögðu miðsvæði í norðri, að hafnarsvæði og að opnu svæði OP1 í suðri. Umhverfisstofnun bendir á að opið svæði OP1 tekur við af miðsvæði, þannig að áætlað þjónustusvæði er inni á svæði OP1.

Í lýsingu kemur fram að svæði sem tillaga er um að verði fyrir verslun og þjónustu er áætlað fyrir hótelrekstur og veitingarekstur. Svæðið sem sýnt er á uppdrætti sem svæði fyrir hótel- og veitingarekstur liggar nálægt eða að Óslandi sem var friðlýst sem fólkvangur 1982, og var friðlýsingin endurnýjuð 2011. Eins og fram kemur í auglýsingu um friðlýsingu er útvistargildi svæðisins hátt, en þar eru m.a. auðugar leirur með miklu fuglalífi. Einnig segir að svæðið sé ákjósanlegt til útikennslu.


Í gildandi aðalskipulagi er svæðið fyrir norðan friðlandið Ósland skilgreint sem opið svæði og virkar þannig sem hlutlaust svæði eða stuðari fyrir friðlýsta svæðið. Að mati Umhverfisstofnunar er slík ráðstöfun landnotkunar til fyrirmynðar og friðlýsta svæðinu til framdráttar.

Umhverfisstofnun bendir á að mikil umferð fólks og farartækja og þ.a.l. hávaði fylgi hótel- og veitingarekstri. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki ráðlegt að hótel- og veitingarekstur verði í næsta nágrenni við friðlandið Ósland, það gæti haft mikil og truflandi áhrif á fuglalífið í friðlandinu, en fuglalífi er ástæða þess að svæðið var friðlýst.


Að mati Umhverfisstofnunar ætti hótel- og veitingarekstur best við inni á miðsvæði M1.

## Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi nýrrar útrásar fyrir fráveitu og bendir á að fráveita þarf að vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að áætlun um nýja útrás sé tímasett.

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfallst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur